

Samstarfssamningur Fjölbrautaskóla Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands undirritaður



Mynd: Gunnar Páll Pálsson.

Síðastliðinn fimmtudag var undirritaður samningur á milli Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) og Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) um sameiginlega náttúrufræðibraut / búfræðisvið til stúdentsprófs. Nemendur taka fyrstu tvö árin við FSu og geta síðan hafið nám við Lbhí í búfræði eða á garðyrkjubrautum skólans. Nemendur útskrifast síðan með sameiginlega gráðu sem stúdent og búfræðingur eða garðyrkjufraeðingur.

Allt að fimm nemendur árlega sem innritast á brautina eiga vísa skólavist í búfræði annars vegar og garðyrkju hins vegar hjá Lbhí eftir að hafa lokið þeim hluta námsins sem fram fer við FSu.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur að undanfögnu lagt áherslu á uppbyggingu innviða skólans og að bæta tækjakost og annan aðbúnað fyrir starfsfólk og nemendur. Í sumar hafa verið miklar framkvæmdir á Reykjum í Ölfusi þar sem garðyrkjunámið fer fram. Í nýrri stefnu skólans er lögð áhersla á aukid vægi þverfaglegs náms, að auka samþættingu nýsköpunar, rannsókna og kennslu, að efla verklegan þátt náms og efla starfsmenntanám skólans. Jafnframt er lögð áhersla á gott samstarf við hagarðila.

„Það er afar ánægjulegt að hefja formlegt samstarf við FSu um sameiginlega braut til stúdentsprófs og búfræðings / garðyrkjufraeðings. Tækifæri innan

landbúnaðar eru mikil og víða þörf á nýliðun. Það er því einkar gleðilegt að umsóknir í starfsmenntanám skólans hafa aldrei verið fleiri en í ár.“ sagði Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor Lbhí við undirskrift samningsins.

Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari FSu „Skólinn er staðsettur í einu stæsta landbúnaðarhéraði landsins og því er þessi samningur og námsfyrirkomulag afar heppilegt fyrir nemendur okkar sem hyggjast starfa við landbúnað, hvort sem um er að ræða búskap eða garðyrkju. Við erum afar ánægt að geta boðið þetta námsúrvali í FSu og hlökkum til að sjá viðbrögð samfélagsins á Suðurlandi við þessum möguleika.“

Nýr sjúkrabíll kominn á Suðurland

Formleg afhending nýrra sjúkrabíla Rauða krossins á Íslandi fór fram í gær. Þar með raungerist endurnýjun sjúkrabílaflotans í samræmi við samkomulag Sjúkratrygginga Íslands og Rauða krossins á Íslandi frá 11. júlí á liðnu ári. Fyrstu fimm sjúkrabílar voru afhentir föstudaginn 17. júlí sl. Síðan þá hafa nýir bílar komið til landsins í hverri viku og er gert ráð fyrir að þeir verði allir komnir til landsins í september. Einn slíkur bíll er nú kominn á Selfoss og reynist hann samkvæmt upplýsingum afar vel. Bílarnir eru gríðarlega vel búnir og eru nú í svo kölluðu Battenburg mynstri og vekja töluverða athygli á vegunum, en það er einmitt markmiðið. Með þessu er von til þess að þeim allra elstu verði nú skipt út og sjúkrabílaflotinn fái loks langþráða uppfærslu en margir þeirra eru orðnir lúnir. -gpp



Líflegur fasteignamarkaður á Suðurlandi

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands voru 142 samningur þinglýst á Suðurlandi. Þar af voru 24 samningar um eignir í fjölbýli, 77 samningar um eignir í sérbýli og 41 samningur um annars konar eignir. Heildarveltan var 4.808 milljónir króna og meðalupphæð á samning 33,9 milljónir króna.

Af þessum 142 voru 70 samningar um eignir á Árborgarsvæðinu, Hveragerði og Ölfusi. Þar af voru 14 samningar um eignir í fjölbýli, 54 samningar um eignir í sérbýli og 2 samningar um annars konar eignir. Heildarveltan var 2.676 milljónir króna og meðalupphæð á samning 38,2 milljónir króna. -gpp



Er potturinn klár fyrir sumarið?

20 ára 2000-2020

PÍPULAGNIR HELGA Háheiði 10, Selfossi S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Hrós vikunnar

Símon Leví Héðinsson

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Símon Leví Héðinsson

Ég vil hrósa vini mínum Birki Viðssyni, læknanema og starfmanni á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, fyrir vel unnin störf sérstaklega á erfiðum tímum. Hann á virkilega hrós skilið fyrir að vera í fremstu vöðunum gegn Covid-19 veirunni.

Símon Leví Héðinsson

Ég skora á Birki að koma með næsta hrós.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Birkir, sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Ráðning byggingarfulltrúa hjá Árborg

Sveinn Pálsson hefur verið ráðinn byggingarfulltrúi hjá Sveitarfélaginu Árborg. Alls bárust 15 umsóknir um starfið. Sveinn er með MSc próf í byggingarverkfræði frá Lunds Tekniska Högskola. Sveinn hefur starfað sem sérfræðingur hjá Mannvirkjastofnun, nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun frá haustinu 2018. Þar vann hann m.a. að innleiðingu, þróun og kynningu Byggingargáttar. Á árunum 2010-2018 var Sveinn sveitarstjóri Dalabyggðar og þar áður gegndi hann starfi sveitar-



stjóra í Mýrdalshreppi í átta ár. Sveinn mun hefja störf 20. ágúst nk.

Brynjólfur gefur út ljóðabók í haust

Brynjólfur Þorsteinsson, frá Hvolsvelli, hefur gert samning við Unu útgáfuhús um útgáfu á annarri ljóðabók sinni, en í haust kemur út draugalega ljóðabókin „Sonur grafarans.“ Með þessu fylgir hann eftir góðu gengi árið 2019 en þá gaf Brynjólfur út ljóðabókina „Þetta er ekki bílastæði“ og sigraði í ljóðasamkeppninni Ljóðstafur Jóns úr Vör.



Uglumyndir Halldórs tóku flugið á Facebook

Áhugaljósmyndarinn, náttúrukarlinn og fangavörðurinn Halldór Páll Kjartansson á Eyrabakka hefur fylgst með branduglu sem hefur gert sig heimakomna á svæði við suðurströndina. Ekki eru gefnar nánari upplýsingar um það hvar ugluna er að finna, en margir hafa óskað eftir því að fá nákvæma staðsetningu. Það yrði til þess að ágangur á fuglinn yrði meiri en góðu hófi gegnir svo við látum það liggja á milli hluta. Það má með sanni segja að myndir af uglunni hafi tekið á loft á Facebook en margir hafa lofað glæsilegar myndir Halldórs Páls af uglunni og ungum hennar. Við litum við í kaffi til Halldórs Páls, skoðuðum myndir og spjölluðum um ljósmyndaá hugann, sem síst fer minnkandi.

Mér finnst bara svo gott að vera úti í náttúrunni

Ljósmyndaá huginn hefur alltaf verið til staðar hjá Halldóri Páli frá því hann var ungur. Árið 2011 tók hann málin fastari tókum og fór að taka myndir af meiri áfergu og með öflugri búnaði. „Ég fæ mér góða myndavél og fer að mynda norðurljós og stunda næturmyndatöku. Þar byrjaði ég. Svo færast áhuginn yfir í fuglana, en það finnst mér mjög gaman. Það er heldur ekkert langt að fara til þess að ná góðum myndum af þeim,“ segir Halldór Páll. Aðspurður um hvað það sé við ljósmyndunina sem togar svona fast í hann segir Halldór: „Mér finnst bara svo gott að vera úti í náttúrunni. Ég



er náttúrukall. Hvort sem það er að vera með myndavélina, veiðistöngina eða byssuna. Bara að vera úti. Ég nærast á þessu, bara að vera einn með sjálfum mér og fuglasönginum, það finnst mér geggjáð.“

Nær í þekkingu á Youtube með góðum árangri

Fuglaljósmyndun er dálítið sérhæfð grein innan ljósmyndunar. Þar spila saman búnaður, tækni og þolinmæði. Til þess að ná mynd af fugli á flugi þarf margt að ganga upp til þess að myndin verði skýr, í fókus og óhreyfð. Við spyrjum Halldór aðeins út í málið. „Ég er ekkert lærður í þessu. Ég er þó búinn að víða að mér miklum upplýsingum meðal annars af Youtube og þessháttar miðlum. Ég hef lært helling af því. Allar stillingar og fleira meðal annars,“ segir Halldór Páll. Rétt til þess að fræða þá lesendur sem hafa áhuga á tæknimálunum er Halldór Páll að taka myndir á Tamron 150-600 mm

linsu og Nikon 7500 myndavél með crop flögu.

Þúsundir ljósmynda til af uglunni og ungum hennar

Halldór Páll komst á snodir um ugluna eftir ýmsum leiðum. Það fór svo að hann fann hana og hefur síðan tekið ógrynni af myndum af henni og ungunum sem sýna vel hvernig lífi uglan lifir. „Ég fór að sniglast þarna og fann hana og þá var stanslaust flug þar sem uglan bar æti í ungana, mýs eða unga. Þarna voru fullt af tækifærum til þess að festa fuglana á mynd. Ég á orðið einhverjar 3-4000 myndir af uglum. Bæði fullorðnum og ungunum.“ Þá ber þess að geta ef einhverjir óska eftir því að fá myndir af uglunni eða ungunum sem margar eru stórglæsilegar má hafa samband við Halldór Pál. Myndirnar voru fengnar til prentunar með góðfúslegu leyfi Halldórs, en undirrituðum fannst nauðsynlegt að þær kæmu fyrir sjónir sem flestra. -gpp



Hönnun Herjólfss verðlaunuð

Hönnun Herjólfss hlýtur Shippax verðlaun í flokki minni ferja

Hönnun Herjólfss hins nýja Hlýtur Shippax verðlaunin fyrir hönnun minni ferja. Vakin er athygli á því að hönnun skili sér í skipi sem auðvelt sé að stjórna við mjög erfiðar aðstæður gegn opnu hafi og í siglingu inn í grunnna Landeyjahöfn þar sem búast megi við háum öldum og hröðum straumum. Afhenda átti verðlaunin á ráðstefnu í apríl en það frestast fram í september vegna Covid-19.

Það er Jóhannes Jóhannesson hjá JJohannesson ApS sem hlýtur hönnunarverðlaunin ásamt skipasmíðastöðinni CRIST

S.A. í Póllandi og Vegagerðinni sem eiganda Herjólfss. Shippax tímaritið sem veitir verðlaunin er tímarit sem sérhæfir sig í umfjöllun um ferjur, skemmtiferðaskip og bílferjur.

Það er mjög ánægjulegt að hönnun Herjólfss hljóti þessi verðlaun enda hefur ferjan reynst mjög vel í siglingum milli lands og Eyja. Einnig hefur hún reynst vel á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar þótt hún hafi sérstaklega verið hönnuð til að sigla í Landeyjahöfn þá hefur hún reynst betra sjóskip á lengri leiðinni en gamli Herjólfur III.

Einnig er bent á það við útlutun verðlaunanna að Herjólfur mun sigla alfarið með rafmagni milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja þótt lagt hafi verið upp með annað. Þetta sé fyrsta ferjan sem siglir með 3MWh rafhlöðum fyrir opnu hafi en hingað til hafi sú aðferðafraði verið notuð á styttri leiðum með mun rólegra sjólagi en Íslendingar eiga að venjast. Einnig er það auðvitað talin kostur að raforkan á Íslandi er græn orka.

BYKO

PHOENIX
 síðan 1958
Reiðhjól

26" götuhjól, 6 gíra
með brettum,
bögglabera og körfu.

 Þú sparar:
9.995
34%**19.000**
 49620201
 Almennt verð: 28.995
**26"**

NAPOLEON
ROGUE
Gasgrill

R425 10,6 kW, grillgrind
60x45cm úr pottjárni.

69.997

506600036

Almennt verð: 99.995

 Þú sparar:
29.998
**30%**

Kilóvött	Brennarar
10,6	3

**Öll Napoleon
grill á afslætti**
30%

LAGERHREINSUN

Sjá fleiri tilboð á byko.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og/öðra myndabrengl.

BOSCH**Klippur**

Easyprune 3,6V,
1,5Ah rafhlöðuklippur.

12.597

74897859

Almennt verð: 17.995

Þú sparar:

5.398**30%**
**Allt fyrir
berja-
tínsluna**
BOSCH**Sláttuorf**


280W, 23 cm sláttubreidd, 1,7kg.

5.877

748903230

Almennt verð: 9.795

Þú sparar:

3.918**40%**
Ný sending
 af pallaefni

**REIKNADU ÚT
ÁÆTLAÐAN
KOSTNAÐ**

 í girðinguna og
 pallinn á BYKO.is
**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is

Öflug starfsemi Sambands sunnlenskra kvenna

Gjafir til heilbrigðis- mennta- öldrunar- og menningar- stofnanna í héraði nema yfir 17 milljónum samkvæmt rafrænum ársskýrslum 2019.

92. ársfundur SSK var haldinn í Hótel Selfoss 10. júní s.l. Að þessu sinni var fundurinn með öðru sniði en verið hefur, þar sem ekki var unnt að halda hann í apríl eins og til stóð vegna samkomubanns. Fundurinn var vel sóttur af kvenfélagskonum úr 25 aðildarfélögum sambandsins en innan þeirra eru 928 konur í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Í ársskýrslu formanns Elinborgar Sigurðardóttur, kom fram að starfsemi SSK og kvenfélaganna hafi verið öflugt á liðnu ári, félögin haldi uppi mikilvægri starfsemi í sínu nærumhverfi, með stuðningi við heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, skóla og menningarstarf. Þau afla fjár til þessa með ýmsu móti; kaffisala, samkomuhald og þátttaka í héraðshátíðum. Einkunnarorð

Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi, erindi í anda einkunnarorða starfsársins *Virðum veröld Vöndum valið Nýtum nærumhverfi*.

Ásborg fjallar um áhrif Covid-19 á lífið í landinu og áfallið sem ferðapjónustan hefur orðið fyrir. Einnig talar hún um mikilvægi þess að virða og vernda umhverfið. Hugsu um hvernig þetta var fyrir farsóttina og hvernig það verður í framtíðinni. Hvað mun breytast í daglegu lífi og hegðun fólks. Skilaboðin eru að nýta það sem við höfum (Nærumhverfi). Njóta og virða eru skilaboðin til ferðafólks, ásamt sjálfbærni. Stefnumótanir eru ýmist í mótun eða tilbúna fyrir mörg landsvæði. Þetta er allt til reiðu þegar landið opnast aftur. Uppbygging ferðamannastaða og verndun landsins, siðareglur og reglur um umgengni. Ef til vill gerir Covid-19 okkur að betri manneskjum sem virðum veröld

Elinborg Sigurðardóttir lýsti valinu og fór yfir glæsilegan feril Magneu Sigrúnar Símonardóttur í Kvenfélagi Gnúpverja. Magnea Sigrún hlaut þessa viðurkenningu og fékk innrammað heiðursskjal því til staðfestingar ásamt áletrudu kökukefli, sem er farandgripur.

Elinborg þakkaði sérstaklega 4 konum sem hafa verið einstaklega duglegar að þrjóna gjafir fyrir nýbura á sambandsvæðinu. Frá árinu 2015 hafa þær skilað samtals um 300 gjöfum og leggja líka til allt efni í gjafirnar. Þessar konur eru Alda Hermannsdóttir Kv. Villingaholtsh. Helga Hermannsdóttir Kv. Hraungerðish. Ólöf Bárðardóttir Kv. Fjallkonan og Sigríður Gunnarsdóttir Kv. Grímsnesh. Hún færir þeim SSK skál og nefnir líka að ein kona Steinunn Hermannsdóttir Kv. Bergþóra í Ölfusi sem skilað hefur á þessum tíma 90 munum, er því miður látin.

Guðrún Þórðardóttir forseti KÍ ávarpaði fundinn og ræddi meðan annars um söfnun í til efni af 90 ára afmæli KÍ á þessu ári. Fyrirhugað er að afhenda Kvennadeild Landspítalans Milou fjarrannsóknateknibúnað, sem er gjöf til allra kvenna á Íslandi, 1. febrúar á næsta ári. Til að afla fjár hafa kvenfélög verið að selja súkkulaði og sérhönnuð armbönd. Einnig eru öll fjárframlög í söfnunina vel þegin, reikningsnúmerið er 0513-26-200000 Kt. 710169-6759.

Starf kvenfélaganna er öflugt og þau eru mikilvæg stöð samfélagsins. Kvenfélagskonur leggja mikið af mörkum með sjálfböndu starfi til að svo megi verða. Það er gefandi að styðja við góð og uppbyggileg mál í þágu samfélagsins.

Stjórn SSK



Magnea Sigrún Símonardóttir, kvenfélagskona ársins 2019 og Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK.

SSK þetta árið er *Virðum veröld – Vöndum valið – Nýtum nærumhverfi*. Fjóröflunarnefnd SSK heldur utan um sölu á kærleiksenglum og kortum, sem gefin eru út árlega. Allur ágóði rennur í Sjúkrahússjóð SSK. Á liðnu ári voru HSU afhentir 8 lífsmarkamælar, sem fóru á deildir sjúkrahússins og einnig til heilsugæslustöðva á félagsvæðinu.

Veglegt ársrit SSK er gefið út á hverju ári, nú var sú nýbreytni tekin upp að ársritið er á rafrænu formi, en kvenfélögin geta fengið prentuð eintök fyrir þær félagskonur, sem þess óska. Ársritið hefur að geyma frásagnir af starfsemi kvenfélaganna innan SSK, ásamt upplýsingum um rekstur sambandsins og fjölbreyttu efni bæði til fróðleiks og skemmtunar.

Á ársfundinum flutti Ásborg

vöndum valið og nýtum nærumhverfi.

Á fundinum var tilkynnt um val á Kvenfélagskonu ársins 2019. Stjórnir kvenfélaganna velja konur úr sínum félögum til þessarar viðurkenningar.



Prjónakonurnar sem fengu viðurkenningu ásamt formanni SSK.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er Páll Jóhannsson.

Ég vil þakka Jóni Ægi fyrir áskorunina. Þar sem villibráð á hug minn allan koma hér uppskriftir af því taginu.

Grafið hreindýr

400-600 g af vel snyrtum vöðva.

¾ dl rósmaín

¾ dl timian

¼ dl sinnepsfræ (steytt)

¼ dl rósapípar

¼ dl oregano

¼ dl nýmalaður svartur pípar

¼ dl salt

1 msk. sykur

1 msk. dill

Öllu kryddinu blandað saman og vöðvinn kryddaður. Best er að vakumpakka vöðvanum og/ eða vefja þétt í plastfilmu og geyma í kæli í a.m.k. 2 daga.

Áður en vöðvinn er skorinn er ágætt að skafa mesta kryddið af og sneiða hann þunnt niður. Gott er að hafa snittubrauð og bláberjasósu með.

Bláberjasósa

1 dl bláberjasulta

1-2 msk. balsamic edik

1 msk. ólífuolía

Salt og pípar

Öllu hrært saman.

Þar sem gæsveiðitímabilið byrjar á fimmtudaginn finnst mér kjörið að birta þessa uppskrift, sem er í miklu uppáhaldi hjá mér. Þennan rétt er ágætt að byrja að útbúa í hádeginu því góðir hlutir gerast hægt.

Hægelduð gæsalæri

Læri af 7 fuglum

2 pökar af íslenskum gulrótum

1 bakki af sveppum

3-4 rauðlaukar

10 meðalstórar kartöflur

1 sæt kartafla

3-5 hvítlauksrif

500 g smjör

1 flaska af góðu rauðvíni



1 ltr. vatn

1 tening af grænmetis krafti

1 tening af sveppakrafti

2-3 msk. af villikrafti

Salt og pípar

Ferskt timian.

Fyrst eru lærin steikt á pönnu upp úr smjöri og krydduð með salti og pípar. Þeim er síðan raðað í botninn á stórum steikarpotti. Rauðvíninu er hellt á pönnuna til þess að ná því sem eftir er á pönnunni en mikilvægt er að skilja nóg eftir í flöskunni í eins og eitt glas, því gott er að sötra aðeins á meðan á eldamenskunni stendur. Að því búnu er rauðvíninu hellt af pönnunni og yfir lærin. Í pottinn fer einnig eftirfarandi: 1 poki af grófsöxudum gulrótum, ca. 7 timiangreinar, vatn, grænmetis-, sveppa- og villikraftur, rauðlaukurinn skorinn í 4 báta, hvítlaukurinn pressaður og restin af smjörinu. Síðan er lokið sett á pottinn og þetta sett inn í ofn á 100°C í 5-6 klst. Þegar þetta er búið að malla í þennan tíma er potturinn tekin út, soðið smakkað til að athuga hvort það sé ekki hæfilega kryddað og ef ekki þá krydda með salti og pípar. Síðan er restin af grænmetinu skorrið í stóra munnbíta og sett út í. Lokið sett aftur á pottinn og inn í ofn á 180°C í 1,5 klst.

Gott er að bera fram með snittubrauði til þess að dýfa í soðið.

Verði ykkur að góðu.

Ég ætla að skora á vin minn og samstarfsfélaga, Ágúst Jensson í Butru. Ágúst er mikill matgæðingur og er ég spenntur að sjá hvaða kræsingar hann mun bjóða upp á.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.

Ritstjórn: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum.

Upplag 8.800 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bokautgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég vísa þér til allra átta.
Undir mér er nes og sker.
Ég er meðal Þorbergs þátta.
Þegnir sveiða lúta mér.

Svar við gátu í blaði nr. 2559: REKA.

1. lína: Fjósreka - 2. lína: Hornreka

3. lína: Slettiþreka - 4. lína: Moldarreka

Góður staður

- lóðir til úthlutunar á Selfossi

Árborg auglýsir til úthlutunar nýjar lóðir í landi Bjarkar á Selfossi

Íbúðarlóðir

Um er að ræða lóðir við Móstekk sem ætlaðar eru undir parhús og raðhús. Lóðirnar liggja að Suðurhólum og verða í nánd við nýjan skóla og leikskóla sem þarna rís. Upplýsingar um lóðirnar má finna á vef Árborgar þar sem allar helstu upplýsingar liggja fyrir.

Umsóknareyðublöð, lóðarblöð, gjaldskrár, skipulags- og byggingarskilmála sem og aðrar upplýsingar sem máli skipta má nálgast á www.arborg.is

Umsóknarfrestur er til og með 28.ágúst



Skilti tímabundið úr leik vegna framkvæmda við Gullfoss



Vegna fréttu og umræðu um skilti við Gullfoss og meintan skort á mikilvægum upplýsingum um umhverfissinnann Sigríði frá Brattholti, vill Umhverfisstofnun, umsjónaraðili hins friðlýsta svæðis, taka fram að baráttu Sigríðar gegn virkjun fossins er að jafnaði getið í ýmsum upplýsingum sem lesa má á skiltum við fossinn. Vegna framkvæmda á efri stíg og við útsýnisfall við Gullfoss hafa aftur á móti nokkur skilti verið tekin tímabundið niður í sumar. Það kann að skýra þá upplifun sumra gesta að samhengi upplýsinga sé ábótavant og að Umhverfisstofnun sýni ekki ævistarfi Sigríðar þá virðingu sem það á skilið.

„Barátta Sigríðar fyrir fossinum var ósérhlífín og einstök. Hún lagði oft nótt við dag til

að fylgja máli sínu eftir, fór í langferðir yfir fjallvegi, óð stór-ár á hvaða tíma árs sem var og átti marga fundi með embættismönnum í Reykjavík. Vegna þessarar baráttu hefur Sigríður oft verið nefnd fyrsti umhverfissinni Íslands,” segir m.a. í texta á skilti í gestastofu Gullfoss.

Öll skilti við efri stíg hafa verið fjarlægð tímabundið vegna framkvæmdanna. Áætlað er að framkvæmdum við fossinn ljúki í september. Ætla má að upplýsingamál og samhengi þeirra komist í gott horf upp úr því.

Umhverfisstofnun þakkar vinsamlegar ábendingar um texta á einu skiltanna sem hverfist nokkuð ítarlega um útlit Sigríðar. Mun sá texti sæta endurskoðun.

Skemmdarverk á leikvöllinum við Dælengi á Selfossi

Bláðinu búrast ábendingar um að einhver eða einhverjir hefðu bókstaflega gengið berserksgang á leikvöllinum við Dælengi á Selfossi. Þar er tiltölulega nýlega búið að gera leikvöllinn upp með nýjum og flottum leiktækjum. Börnin í hverfinu og nærliggjandi hverfum hafa notið góðs af því að sækja völlinn heim og leika sér. Nú er búið að brjóta niður bát sem þar var, plokka málningu af öðrum leiktækjum og inna önnur skemmdarverk af hendi. „Þetta er ferlega leiðinlegt að svona sé gengið um. Við komum hér tvær

mæður með lítil börn og allt var á rúi og stúi. Skrifur stóðu upp úr leiktækjunum þar sem þau höfðu verið brotin og sköpuðu hættu. Ein er rétt farin að ganga og sá litli staulast um og getur auðveldlega slasað sig á þessu,” sagði áhyggjufull móðir í samtali við Dagskrána.

Umræður á vettvangi íbúa

Umræður spunnust um þetta á vettvangi íbúa þar sem vonast var til að næðist í skottið á skemmdarvörgunum. Það er alltaf til ósöma þegar skemmdarvargar eyðileggja

sameiginlegar eigur bæjarbúa. „Það skapast oft tómarúm milli þess að sumarvinnu, sumarfríi og öðrum sumarverkum er að ljúka og skólinn að taka við. Það ætti að brýna það enn og aftur fyrir börnum og unglingum að eigur bæjarfélagsins koma úr vasa okkar allra og sá sem skemmir slíkar eigur bakar öllum tjón. Sé ekki talað um hve ósnyrtilegt umhverfið verður með svona umgengni,” sagði eldri maður í samtali við blaðamann sem skoðaði vegsummerki. -gpp



Stefán Hermannsson sýnir í Gallery Stokk á Stokkseyri

Listamaðurinn Stefán Hermannsson er með áhuga-verða sýningu í Gallery Stokk á Stokkseyri sem verður fram til 23. ágúst nk. Við kíktum við hjá Stefáni og skoðuðum sýninguna og fræddumst aðeins um það sem að baki henni liggur. Orðin „Veittu því athygli sem þú veitir athygli“ er yfirskrift sýningarinnar. „Það er listamaðurinn Þorvaldur Þorsteinsson, heitinn sem á þessi orð. Hann gaf mér tækifæri til að þroskast þegar ég heyrði þau og sjá heiminn í öðru ljósi,” segir Stefán.

„Sýningin er byggð á myndum sem ég gerði áður en ég fór í nám. Þetta er eiginlega það fyrsta sem að ég framkvæmi. Þær eru flestar frá 2007. Það myndadist fyrir tilviljun aðstæða heima hjá mér á þessum tíma. Ég var búinn að vera að smíða innréttingu og gat komið mér fyrir í innri stofu og gat unnið aðeins með innréttinguna þar. Þegar það var búið þá stóð ég þarna og fór að spá í hvort það væri ekki gaman að fara að gera eitthvað. Einhverra hluta vegna dró ég svo fram maskínupappír sem ég átti á rúllu þarna úti í horni. Dóttir mín sem var í Listaskólanum þá skildi eftir pastelkrítar. Ég fór að nota þær og prófaði að teikna eitthvað og fór að lita með krítinni. Eftir því sem vatt fram fór ég að upp-

götva hvaða töfra þeir höfðu að geyma. Sérstaklega þegar maður fer að nudda þá til. Ég var svo að þessu alveg til 2012 þegar ég fór í Myndlistarskóla Reykjavíkur. Þá hætti ég að gera þetta því það varð nóg að gera í skólanum,” segir Stefán um verkin.

Myndirnar segja djúpa sögu

Þegar við ræðum um verkin á dýptina segir hann að sér þyki mjög vænt um þau öll enda segja þau djúpa og mikla sögu sem blaðamaður hvetur fólk til að kynna sér í gegn um verkin og í samtali við listamanninn. Það er áhrifamið, svo lítið eitt sé sagt. „Mig langaði alltaf til að sýna almennilega. Vera með almennilega sýningu. Ég hef eiginlega ekkert leyft mér það

fyrir en núna. Ég hef venjulega ýtt öllu til hliðar sem ég er sjálfur að gera. Mig langar nefnilega að gefa öðrum færi á að nýta aðstöðuna og það skiptir mig máli og mér líður vel í því.“ Rétt er að segja frá því að Stefán er eiginandi gallerísins og hefur verið ötull í því að kynna listamenn fyrir Sunnlendingum og gefa þeim pláss með list sína. Nú síðast var stórglæsileg ljósmynda-sýning af íbúum Stokkseyrar og húsum þeirra í galleríinu en það var ljósmyndarinn Hanna Siv sem hélt hana. Nú gefst fólki tækifæri á því að kynnast til hlítar listamanninum sem er á bak við Gallerí Stokk, eiga samtál um verkin og hvaðan þau koma. Einmitt að veita því athygli sem þú veitir athygli. -gpp



Rannsókn á flugslysi við Haukadalsmela miðar áfram

Rannsókn á flugslysi, þar sem einn lést við Haukadalsmela í fyrra, beinist meðal annars að notkun sætisbeltis sem stýrsláss. Slíkt getur komið í veg fyrir skemmdir af völdum veðurs á jörðu niðri en hindrar að hægt sé að stýra flugvélinni ef lásinn er ekki fjarlægður fyrir flugtak. Piper PA-12 Replica flugvél fórst í flugtaki frá flugvöllinum á Haukadalsmelum þann 27. júlí í fyrra. Flugmaðurinn var einn um borð og lést hann af völdum slyssins.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa birti tilkynningu um stöðu málsins, slíkt er alltaf gert þegar ár er liðið frá því að rannsókn hófst. Þar kemur fram að rannsóknin beinist meðal annars að notkun sætisbeltis sem stýrsláss. Á vettvangi mátti sjá að aftari stýristöng fyrir hæðar- og hallastýri flugvélarinnar var fest við aft-

ara sæti flugvélarinnar með öryggisbelti sætisins. Stýrslásar eru á mörgum flugvélum. Þeir eru notaðir til að festa stýrisbúnað svo hann skemmist ekki af völdum veðurs á jörðu niðri. Nokkur mannskæð slys hafa orðið vegna þess að stýrslásar hafa ekki verið aftengdir fyrir flugtak. Auk notkunar sætisbeltis sem stýrsláss beinist rannsóknin að undirbúningi flugs og fyrirflugsskoðun auk gátlista og notkunar þeirra.

Í tilkynningu rannsóknarnefndarinnar segir að sjónarvottar hafi lýst því hvernig flugvélin klifraði mjög bratt í flugtakinu með mikið afl á hreyflinum. Klifurhorn flugvélarinnar hafi haldið áfram að aukast uns hún virtist hanga á hreyflinum. Því næst hafi aflíð dregið af hreyflinum, flugvélin fallið niður á hægri vænginn og spunnist einn hring til jarðar.





Við tryggjum hjá Sjóvá

Magnea Arnþósdóttir *Rannan Þorarnast*

Endurgreiðsla einu sinni á ári

Á hverju ári geta tjónlausir viðskiptavinir okkar fengið endurgreiðslu.

Útibú Selfossi 440 2470 | sudurland@sjova.is



DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að
vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Skólasetning skólaárið 2020-2021

Grunnskólar Sveitarfélagsins Árborgar verða settir **mánudaginn 24. ágúst 2020**. Að þessu sinni verður skólasetning með óhefðbundnum hætti v/COVID-19. Meðfylgjandi eru upplýsingar um skipulag og tímasetningar hvers skóla.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Skólasetning yngra stigs fer fram í húsnæði skólans á Stokkseyri og eldra stigs í skólahúsnæði á Eyrarbakka og verður með þessum hætti:

- Kl. 9 Nemendur í 2. - 3. bekk, f. 2012-2013.
- Kl. 10 Nemendur í 4. - 6. bekk, f. 2009-2011.
- Kl. 11 Nemendur í 7. - 10. bekk, f. 2005-2008.

Vegna fjöldatakmarkanna er ekki óskað eftir aðkomu foreldra að skólasetningu unglíngastígs. Nemendur 1. bekkjar fá boð um viðtals tíma og mæta þ.a.l. ekki á skólasetningu.

Sunnulækjarskóli

- Kl. 9 Nemendur í 2.-4. bekk, f. 2011 - 2013.
- Kl. 10 Nemendur í 5. - 7. bekk, f. 2008 - 2010.
- Kl. 11 Nemendur í 8.-10. bekk, f. 2005-2007.

Gert er ráð fyrir stuttri samkomu í Fjallasal en síðan munu nemendur hitta umsjónarkennara. Vegna smitvarna er ekki mögulegt að taka á móti foreldrum á skólasetningu.

Nemendur 1. bekkjar mæta ekki við skólasetningu að þessu sinni. Þeir verða boðaðir, ásamt forráðamönnum, til viðtals við umsjónarkennara.

Vallaskóli

Skólasetning fer fram í Íþróttahúsi Vallaskóla.

- Kl. 9 Nemendur í 2. - 3. bekk, f. 2012 - 2013.
- Kl. 10 Nemendur í 4. - 6. bekk, f. 2009 - 2011.
- Kl. 11 Nemendur í 7. bekk, f. 2008.
- Kl. 13 Nemendur í 8. - 10. bekk, f. 2005 -2007.

Nemendur og forráðamenn í 1. bekk (f. 2014) fá sérstaka viðtalsboðun eins og áður.

Vegna fjöldatakmarkana er ekki gert ráð fyrir þátttöku foreldra/forráðamanna í skólasetningunni.

Skólástjórnendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri,
Vallaskóla og Sunnulækjarskóla.



Þakklátir listamenn í Gullkistunni á Laugarvatni

Meginmarkmið Gullkistunnar á Laugarvatni er að vera heimili og vinnuástaða fyrir skapandi fólk úr öllum greinum og frá öllum löndum. Starfsemi nær ellefu ár aftur í tímann og núna hafa um 500 listamenn dvalið þar. Gullkistan gefur fólki hvaðanæva að úr heiminum tækifæri til að koma inn í íslenskt samfélag, vinna að verkefnum sínum í fallegu og gefandi umhverfi Laugarvatns. Eða eins og einn gestur Gullkistunnar sagði við blaðamann: „Þegar ég er fastur í ljóðagerðinni og finn ekki réttu orðin þarf ég ekki annað en að líta upp og út um gluggann. Hér blasir við einstaklega fallegu útsýni og styrkur staðarins er einmitt þessi. Gluggar út í náttúruna og Hekla sem vakir yfir okkur við ljóðagerðina.“ Dagskráin leit við í Gullkistunni í vikunni og kynntist sex Ameríkönum og einum Spánverja sem dvelja þar fullir þakklætis til utanríkisþjónustunnar sem greiddi götu þeirra á þessum viðsjárverðu tímum.

Ég er boðinn velkominn inn í notalegt andrúmsloftið í Gullkistunni. Fyrir innan er fólk niðursokkið í vinnu sína sem er af ólíkum toga. Fljótlega standa allir upp og benda mér á stórt hringborð þar sem auðvelt reynist að halda tveggja metra fjarlægð. Við byrjum á því að ræða veðurfarið, umhverfið og stöðuna í heiminum áður en að við færum okkur burt frá angri heimsins og inn í notalega tilveru staðarins sem snýst þegar öllu er á botninn hvolft um það að rækta andans mál, listsköpun og frjóar hugmyndir. Þetta eru þau Marc Merrill, rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður, Jesús Garcia Alfonso, verkfræðingur, Jennifer Marquardt, rithöfundur og prófessor, Stan Galloway, prófessor, ritstjóri og ljóðskáld, Emily Ann Hoffmann, teiknari, kvikmyndagerðarkona, rithöf-

undur og sjónlistakona, Matthew Puccini, kvikmyndagerðarmaður og Nicole Yurcaba, prófessor og ljóðskáld.

Þakklæti til utanríkisþjónustunnar

Í samtali okkar ber fyrst á góma hvernig það hafi gengið að koma til Íslands frá Bandaríkjunum í því ástandi sem ferðatakmarkanir setja ferðalöngum. „Við áttum alls ekki von á því að fá að koma til landsins. Það er bannað að ferðast. Við sendum þó inn fyrirspurn til íslenska utanríkisráðuneytisins en áttum ekkert endilega von á því að fá svar. Það kom þó eftir nokkra daga. Okkur var heimilað að koma gegn ströngum skilyrðum sem við að sjálfsögðu vorum tilbúin í. Okkur langar að þakka alla þá aðstoð sem ráðuneytið veitti okkur sem var mjög persónuleg og allir vildu hjálpa okkur til þess að við gætum komið hingað og sinnt verkefnum og hugðarefnum okkar eins og til stóð. Við hlökkum mikið til.“ Það er á listamönnum að heyrna að hér á Laugarvatni geti þeir upplifað frelsi sem ekki er fyrir hendi í heimalandi þeirra vegna kórónuveirunnar. Það sé gott að geta farið út í náttúruna og gengið frjálts og örugg um án mikilla takmarkana.

Innblásturinn blómstrar á svona stað

Hópurinn þekktist ekki náði innbyrðis en þau koma þó flest frá Bandaríkjunum. Aðspurð um hvernig það sé að vera í sama rými með stærri hóp þar sem hægt er að spegla vinnu sína fyrir öðrum segja þau það ákaflega gott að fá lánuð augu og eyru annarra og ræða verk sín. Þá sé mikill innblástur af því að vera með öðru fólki sem er að vinna að sköpun sinni og móta verkefni. Einnig sé tengslanet annarra mikilvægt ef svo ber undir og

gott að hafa aðgang að því.

Þau segja svo öll að Ísland og þau gæði sem landið hafi upp á að bjóða sé vissulega stór þáttur í dvölinni. Náttúran, ljósið, litirnir, umhverfið og fólkid verði til þess að næra sköpunarkraftinn. „Innblásturinn blómstar á svona stað“. Emily Ann sagðist mála talsvert og hún hefði ekki getað ímyndað sér hversu litríkt þetta land væri og býr sér til lista með litum sem hún sér í umhverfinu til þess að vinna með í framhaldinu. Þá sé það einkar hentugt hve seint sólin gengur til vinar „því þegar við höfum lokið dagsverkinu og líða tekur að kvöldi, þá er ennþá bjart og við getum ferðast um eða farið í göngufærðir. Það er öðruvísi tilfinning en þegar sólin sest með hraði og manni finnst að dagurinn sé búinn“. Ljóðskáldin Stan og Nicole vinna að útgáfu sameiginlegrar ljóðabókar sinnar á Laugarvatni þar sem þau sækja efniviðinn meðal annars í heim norrænnar goðafræði og upplifun af íslenskri náttúru. Þau halda reglulega ljóðahátíð í Bandaríkjunum sem kallast Bridgewater International Poetry Festival og langar gjarnan að flytja hana til Laugarvatns.

Þegar ég kveð þessa áhuga verðu gesti og listamenn taka þeir enn og aftur fram hversu þakklát þau eru að fá að dvelja á svona stað, fyrir næðið, kyrrðina og gestrisnina. Íslendingar taka vel á móti gestum sínum og umhverfið hérna og aðstæður eru frábærar. Vinnustofurnar og hýblin eru fyrsta flokks. Þau benda jafnframt á hvílk Gullkista það er að geta komið hingað og sinna vinnu sinni og sköpun í samfélaginu á Laugarvatni með náttúruna á alla kanta, fjallið á bak við þau, vatnið fyrir framan og Hekluna við sjóndeildarhring. Sjá: gullkistan.is

Bækur um sult, seyru og almenna eynd höfða helst til mín

segir lestrarhesturinn Valur Örn Gíslason

Valur Örn Gíslason pípulagna- og vélvirkjameistari er fæddur í Reykjavík, ólst upp í Breiðholti og hinum ýmsu sveitabæjum í öllum landsfjórðungum. Núna er hann búsettur í Arbæjarhverfi í Ölfusi, giftur, fjöggra barna faðir og verðandi sex barna afi. Valur er hesta- og jeppamaður, göngugarpur, grúskari, lestrarhestur og lífskúntner.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég var að byrja á skáldsögunni *Þrúgur reiðinnar* eftir nóbelskaldid John Steinbeck í þýðingu Stefáns Bjarmans. En ég á það til að lesa margar bækur á sama tíma og það vill leiða til þess að hver lestur tekur lengri tíma en ella. Á náttborðinu er ég með stafla af bókum og svo vel ég bók eftir skapi eða veðri. Þar er vert að nefna bækurnar *Maðurinn sem elskaði Ísland* eftir Árna Snævarr og *Hrakningar á heiðarvegum* frásagnir ritaðar af Pálma Hannessyni og Jóni Eyþórssyni.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Við hjónin grínustum stundum með það að bókmenntir sem fjalla um sult, seyru og almenna eynd séu þær sem höfða helst til mín. En ég er mjög hrifinn af sögulegum skáldsögum og sagnfræðiritum sem oftast en ekki fjalla um lífsbaráttu kynslóðanna og segja frá veruleika fólks hverju sinni.

Lastu mikið sem barn?

Nei, ég las fyrstu bókina mína þegar ég var níu eða tíu ára gamall og þó að ég muni ekki eftir hvernig bókin var þá situr titill hennar alltaf í mér: *Kári litli í sveit*. Það var svo ekki fyrir en upp úr tvítugu sem ég fór að lesa af alvöru og ég les enn til-tölulega hægt og þarf að vanda til verks ef ég á að halda einbeitingu.

Hvernig eru lestrarvenjur þínar?

Ég les á kvöldin áður en ég fer að sofa, ef ég hef úthald í það þann daginn, en þó oftast lítið í einu. Þó getur það komið fyrir að ég setjist niður með bók í lengri tíma. Ég á það til að fá óslökkvandi áhuga á málefnum sem jaðra við þráhyggjuköst og þá sit ég með heilu bókastafana um sama efni í marga daga ef ekki vikur. Má þar nefna *Sturlungu* og bækur Einars Kárasonar: *Óvinafögnað*, *Skálmöld*, *Skáld og Ofsa* og fleiri bækur í sama dúr. Einar er listilegt skáld og hef ég lesið flest allt sem hann skrifar. Bækur sænska rithöfundarins Wilhelm Moberg um Vesturfarana eru annað dæmi um bókmenntir sem ég hef fengið á heilann og afreks-saga þeirra sem fóru vestur um haf í leit að betra lífi, bæði Íslendinga og annarra. Ég nýt þess einnig að hella mér í sagnfræði og þá er í miklu uppáhaldi frásagnir af seinni heimstyrjöldinni og þar stendur Antony Beevor sagnfræðingur öðrum fram- ar. Böðvar Guðmundsson og sagnaheimur hans í skáldsögum *Híbýli vindanna* og *Lífsins tré* sátu lengi í mér og síðast en ekki síst vil ég nefna sunnlenska skáldið Bjarna Harðarson með bækur sínar um hinn ramm- íslenska veruleika.

Áttu þér einhvern upp- áhaldshöfund?

Uppáhalds höfundur minn er og verður Halldór Laxness. Það eru fáir eða engir sem hafa á sama hátt tekist að setja fram ljóð- rænu í frásögn sinni þó svo að margir hafi reynt það og jafnvel farið fram úr sér í þeim tilraun- um. Nóbelskaldid okkar skrif- ar á þann hátt að það er alltaf eins og maður sé á staðnum og lýsingarnar með þeim hætti að maður getur fundið lykta af umhverfinu. Þó er engu ofaukið. Að geta sagt frá örlögum og af- drifum Íslendinga á þennan hátt



Valur Örn Gíslason

er einstakt. Smásagan *Nýja Ísland* er í miklu uppáhaldi en þar segir hann einmitt frá örlögum Íslendinga í Vesturheimi.

Hefur bók rænt þig svefni?

Já, þegar ég las *Leitina að svarta víkingnum* eftir Bergsvein Birgisson átti ég erfitt með að gera nokkuð annað. Á sama tíma las ég bókina *Árdagar Íslendinga* eftir Guðmund G. Þórarinsson, þar sem hann veltir upp kenningum um landnámið og uppruna okkar Íslendinga sem Bergsveinn svarar svo snilldar- lega í sinni frásögn og kemur með raunhæfa mynd af því hvernig þetta hefur allt saman farið fram. Atburðirnir á Illuga- stöðum hafa að sama skapi oft haldið fyrir mér vöku og hef ég grúskað helling í þeim hörm- ungum og lesið nánast allt sem um það er að finna.

En að lokum Valur, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Samhengislausar víðhyglisfrá- sagnir af hinu og þessu. Eða ef ég á að svara þessu á einfaldari máta, þá efast ég um að ég komi nokkurn tímann frá mér ritaðri bók. Áhugasviðin eru svo mörg og dreifið að ég ætti erfitt að festa mig við eitt efni.

Áður óbirt kvæði Tómasar Guðmundssonar flutt í Múlakoti

Á afmælishátíð vegna 150 ára afmælis Guðbjargar Þorleifsdóttur í Múlakoti þann 26. júlí sl. var flutt áður óbirt kvæði eftir Tómas Guðmundsson. Magnús Haraldsson á Hvolsvelli flutti kvæðið með glæsibrag en það var samið sem Gullbrúðkaupskveðja til frú Guðbjargar og Túbals í Múlakoti 28. júní 1943.

Á heimasíðu Gamla bæjarins í Múlakoti má finna söguna af því hvernig það kom til að ljóðið var flutt á afmælishátíðinni.

Fjallað var um fyrirhugaða hátíð víða, m.a. í Bændablaðinu og sú frétt hafði heldur betur

óvæntar og ómetanlegar afleiðingar. Guðrún Ásgeirsdóttir hefur samband við ábúendur í Múlakoti og segir að þau hjónin hafa undir höndum kvæði sem tengdafaðir hennar, Tómas Guðmundsson, hafði ort sem gullbrúðkaupskveðju til Guðbjargar

og Túbals. Til að gera langa sögu stutta komu þau Guðrún og maður hennar, Guðmundur Tómasson, komu degi fyrir hátíðina og afhentu sem gjöf til staðarins eiginhandar-uppskrift Tómasar af kvæðinu.



Vantar í vinnu mann vanan pípulögnum og smíðavinnu - mikil vinna og góð verkefnastaða.

Allar upplýsingar veita Heimir í síma 892 3742 og Gestur í síma 899 5443 eða á tresmidjan@tresmidjan.is



Smíðir eða menn vanir byggingavinnu, gjarnan verktakar, óskast til vinnu strax eða eftir samkomulagi.

Vinna næsta árið í Hveragerði og nágrenni

Stoðverk byggingaverktakar, Þorsteinn s. 660 8732



Leikskólinn Jötunheimar auglýsir eftir leikskólakennurum

Leikskólinn Jötunheimar á Selfossi leitar að leikskólakennurum í 100% starfshlutfall. Kostur er ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Jötunheimar er sex deilda leikskóli sem opnaði haustið 2008. Í Jötunheimum er lögð áhersla á frjálsta leikinn og eru einkunnarorð okkar: *Leikurinn á vís- dóm veit*. Leikskólinn tekur virkan þátt í verkefninu heilsueflandi leikskóli á vegum landlæknisembættis- ins. Nánar er hægt að kynna sér starfið á vef leikskól- ans jotunheimar.arborg.is.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinnua að uppeldi og menntun leikskólakennaranna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans undir stjórn deildarstjóra.
- Teka þátt í skipulagningu faglegs starfs leikskólans.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi.
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum.
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.

Störfin henta jafnt körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Frekari upplýsingar veitir: Birna Guðrún Jónsdóttir leikskólalastjóri Jötunheima, sími 480-6372, netfang: birnagj@arborg.is.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins: starf.arborg.is/storf/



Umsóknarfrestur er til 30. ágúst 2020. Sveitarfélagið **ÁRBORG**

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Pægilegur sigur Selfyssinga

KNATTSPYRNA Selfoss vann þægilegan 3-1 sigur á Dalvík/Reyni í 2. deildinni á laugardag.

Daniel Majkic kom Selfyssingum yfir á 15. mínútu og átta mínútum síðar tvöfaldaði Ingvi Rafn Óskarsson forystuna. Gestirnir minnkðu muninn á 5. mínútu síðari hálfleiks. Það var ekki fyrr en á 84. mínútu að Kenan Turudija gulltrygðði sigur heimamanna.

Selfoss er í 4. sæti deildarinnar með 16 stig að loknum nú umferðum. Næsti leikur liðsins er á útivelli gegn Njarðvík í dag, miðvikudag kl. 19.



Kenan gulltrygðði sigur Selfyssinga. Ljósmynd úr safni knattspyrnudeildar Selfoss/GKS.

Selfyssingum fyrirmunað að skora

KNATTSPYRNA Þrátt fyrir fáheyrða yfirburði Selfyssinga í leik gegn Fylki í Pepsi Max deildinni var uppskeran engin á sunnudaginn.

Selfoss klúðraði mikið af færnum í leiknum en gestirnir úr Árbænum gerðu eina mark

leiksins þegar komið var fram í uppbótartíma.

Skellur fyrir Selfoss sem er í sjötta sæti með tíu stig eftir átta umferðir. Næsti leikur á heimavelli er gegn KR á morgun, fimmtudaginn 20. ágúst.



Tíu marka sigur Selfoss í fyrsta leik

HANDBOLTI Meistaraflokkur kvenna sigraði sameiginlegt lið Fjölnis og Fylkis í fyrsta leik Ragnarsmótis 2020 með tíu mörkum, 37-27. Heimsfaraldurinn setur svip sinn á mótið og mega sem dæmi engir áhorfendur vera á mótinu.

Leikurinn byrjaði fjórlega og var staðan orðin 7-7 eftir tíu mínútna leik og í hálfleik leiddu heimakonur 20-19. Selfyssingar keyrðu yfir gestina í síðari hálfleik. Tinna Sigurrós Traustadóttir og Lara Zidek fóru á kostum í sókn Selfyssinga og skorðu m.a. 21 mark og 16 stoðsendingar.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurrós



Lara Zidek í baráttunni um boltann. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ESÓ

Traustadóttir 13, Lara Zidek 8, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir og Ivana Raickovic 5, Emilía Ýr Kjartansdóttir og Thelma Linda Sigurðardóttir 2, Ragnheiður Grímsdóttir og Katla Björg

Ómarsdóttir 1 mark. Varin skot: Henriette Østergård 7 (21%).

Ragnarsmótið heldur áfram næstu daga og verður að sjálf-sögðu sýnt beint frá öllum leikjum á Selfoss TV.

Álfrún Diljá setur met

FRJÁLSAR Álfrún Diljá Kristínardóttir, Umf. Selfoss, hefur í sumar sett samtals átta HSK met í sleggjukasti í bæði 14 og 15 ára flokkum stúlkna.

Hún byrjaði sumarið á að bæta HSK metið með 4 kg kúlu þegar hún kastaði sleggjunni 30,11 metra á Vormóti Fjölnis sem haldið var í Hafnarfirði. Jónína Guðný átti gamla metið sem var 29,35 metrar.

Álfrún þrúbætti svo met sitt í báðum flokkum á Origo móti FH þann 8. ágúst sl. Lengsta kast hennar var 32,66 m.



Héraðsmót HSK í golfi fatlaðra

GOLF Héraðsmót HSK í golfi fatlaðra verður haldið á Selsvelli, Flúðum þann 25. ágúst. Mótið hefst klukkan 17 og verða spilaðar 9 holur. Vallargjald er 1800 kr. og í lokin verður pizzahlaðborð fyrir þá sem vilja sem kostar 1700 kr.

Skráning fer fram á Facebook-síðu Suðra og hjá Gylfa Sigurjónssyni þjálfara, s. 897 5999.



Selfoss karfa styrkir sig sem alþjóðleg akademía

KARFA Selfoss karfa og körfuboltaakademía FSu halda áfram að styrkja yngriflokka-starf félagsins, en í sumar hafa bæst við hópinn leikmenn með reynslu frá yngriflokkalandsliðum Íslands og erlendis.

Akademían er farin að fá alþjóðlegt orðspor eftir að hafa fengið til sín leikmenn með reynslu frá yngriflokkalandsliðum, ásamt því að hafa verið boðið á mörg alþjóðleg yngriflokka-mót. Því miður vegna Covid-19 eru framtíðaráform um að ferðast á slík mót í uppnám. Það er mikil spenna fyrir því að koma íslensku strákunum okkar á alþjóðleg mót í náinni framtíð. Þar fá leikmennirnir góða reynslu, sem gæti hjálpað þeim að taka stór stökk á ferlinum. Við tökum ávallt vel á móti öllum styrktaraðilum sem hafa áhuga á að hjálpa okkur í þessu mikilvæga starfi.

Markmiðið er að auka keppnisstig yngriflokkana, bæði í félaginu og í akademíunni, og jafnvel á landsvísu á komandi árum.

Arnór Eypórssón (2001)

Skotbakvörður - 200 cm
Hefur bætt sig mikið á undanförunum árum og komst nýlega í úrtakshóp fyrir U18 landslið Íslands.

Sveinn Búi Birgisson (2002)

Framherji - 202 cm
Kemur nýr inn í hópinn frá KR. Hefur reynslu með með U15, U16 og U18 landsliðum Íslands.

Gunnar Steinþórssón (2002)

Leikstjórnandi - 183 cm
Kemur nýr inn í hópinn frá KR. Hefur reynslu með með U15, U16 og U18 landsliðum Íslands.

Owen Young (2002)

Leikstjórnandi - 194 cm
Kemur frá Haringey College á Englandi. Var valinn í enska landsliðið á síðasta tímabili.

Gregory Tchernev-Rowland (2001)

Miðherji - 206 cm
Kemur úr pólsku deildinni en er frá Búlgaríu og Englandi.

Sverrir Sigurðsson (1998)

Framherji/miðherji - 192 cm
Kemur frá Grindavík. Hefur reglulega verið valinn í úrtöku-

hóp yngriflokka landsliða Íslands. Hann hefur verið hluti af sterkum yngriflokkaliðum Grindavíkur.

Finley Moss (2002)

Kraftframherji - 201 cm
Kemur frá Carmel College á Englandi. Var valinn í enska landsliðið á síðasta tímabili.

Aljaž Vidmar (2001)

Kraftframherji - 203 cm
Kemur frá Slóveníu. Hefur reynslu með U18 og U20 landsliðum Slóveníu.

Bragi Guðmundsson (2003)

Leikstjórnandi - 194 cm
Kemur frá Grindavík á venslasamningi. Hefur reynslu með U15 og U16 landsliðum Íslands.

Kristijan Vladovic (1999)

Leikstjórnandi - 191 cm
Kemur frá Króatíu. Stóð sig mjög vel með Selfossi körfu á síðasta tímabili. Hefur reynslu með U20 landsliði Króatíu.

Darryl Palmer (1994)

Miðherji - 203 cm
Kemur frá Bandaríkjunum. Hefur verið valinn mikilvægasti leikmaður úrvaldsdeildarinnar á Kýpur tvö ár í röð. Reynslumikill og hæfileikaríkur leikmaður.

Aðrir leikmenn sem snúa aftur á komandi tímabili, með reynslu frá yngriflokka landsliðum, eru meðal annars Svavar Ingi Stefánsson, sem hefur leikið 12 ár fyrir félagið. Einnig kemur Ragnar Magni Sigurjónsson aftur inn í hópinn eftir meiðslu, en fyrir meiðslin sýndi hann hversu hæfur skotmaður hann er.

Inn í þjálfarahópinn kemur Mikel Eréno, sem mun aðstoða aðalþjálfarann Chris Caird í meistara- og unglingsaflokk, ásamt FSu akademíunni. Hann er reynslumikill, en áður var hann aðstoðaðþjálfari hjá karla-liði Real Betis, sem spila í hinni gríðasterki úrvaldsdeild á Spáni.

Ekki hika við að hafa samband á netfangið selfosskarfa@gmail.com, eða beint á aðalþjálfarann Chris Caird á chris.caird@gmail.com, ef einhverja spurningar vakna.

Chris Caird,
aðalþjálfari Selfoss körfu og körfuboltaakademíu FSu.



Kristijan Vladovic spilaði vel á síðasta tímabili. Mynd: Selfoss karfa/BRV

Dagbók lögreglu síðustu vikuna eða svo

Laugardaginn 15. ágúst var tilkynnt um umferðarslys á Þjóðvegi 1, skammt vestan við Stígá í Austur Skaftafellssýslu. Þar féll maður á bifhjól sínu, rann nokkra vegalengd eftir veginum og lenti framan á bifreið, sem kom úr gagnstæðri átt, og lést. Tildrög slyssins eru til rannsóknar og er ekki að vænta fréttu af því að sinni.

72 hraðakstursbrot kærð

Hraðakstursbrot sem kærð voru í liðinni viku reyndust 72. Eitt þessara mála snýr að umferðarslysi sem varð á austurleið eftir Þjóðvegi 1 um Kamba sl. föstudag. Þar missti ökumaður bifhjól stjórn á hjólinu og lenti utan í víravegriði þar. Við slysið kastaðist hann yfir á öfugan vegarhelming. Víravegriðið greip hjólið sem stöðvaðist í vegöxlinni hægra megin miðað við akstursstefnu ökutækisins. Meiðsl mannsins reyndust ekki alvarleg. Hann var fluttur til skoðunar á heilbrigðisstofnun. Lögreglumenn sem verið höfðu við hraðamælingar á Helliheiði til móts við Ölkelduháls höfðu gefið mannum stöðvunarmerki eftir að hraði hjólsins hafði mælst 190 km/klst. Hann virti stöðvunarmerkin í engu og virðist hafa aukið við hraðann og hvarf úr sjónmáli. Lögreglumenn óku svo fram á slysavettvang neðan við „Drottningarpallinn“ í Kömbunum. Fleiri óku hratt og sáust tölur eins og 138 og 141 á mælum lögreglu. 15 þessara mála eru á vegum þar sem leyfður hraði er ýmist 50 eða 70 km/klst.

Grunur um ölvun eða fikniefnaakstur hjá sex

Höfð voru afskipti af þremur öikumönnum um helgina sem grunur er um að hafi verið ölv- aðir. Einum þeirra hafði fipast við aksturinn og ekið inn í garð við íbúðarhús á Höfn þann 15. ágúst sl. Sá gisti fangageymslur á Höfn og var yfirheyrdur daginn eftir um málsatvik öll. Hinir tveir voru annarsvegar á Þingvöllum og hinsvegar í Reykholti. Þrjú öikumenn voru stöðvaðir grunaðir um akstur



undir áhrifum fikniefna. Hraði bifreiðar eins þeirra hafði mælst 119 km/klst á Suðurlandsvegi við Þingborg þar sem leyfður hraði er 70 km/klst.

Ýmis mál að auki

Skráningarmarki voru tekin af þremur ökutækjum sem reyndust ótryggð í umferðinni. Aðstoða þurfti erlendan ferðamann sem festi bifreið sína í Steinhóltsá þann 15. ágúst. Hann ásamt farþega sínum komust á þurrt ásamt því að vegfarandi hafði dregið bifreiðina á þurrt. Um var að ræða jeppabifreið frá bílaleigu. Þann 14. ágúst sl. slas- aðist drengur á sjöunda ári þegar hann féll af hjóli sínu á Hvolsvelli. Kallað var til aðstoðar vegna þessa en upplýsingar um meiðsl hans liggja ekki fyrir. Laugardaginn 15. ágúst sl. var tilkynnt um öikumenn motokross hjóla sem sagðir voru að aka ógætlega í kringum sauðfé í fjöru skammt frá Höfn. Upplýsingar liggja fyrir um hverjir hafi líklega verið þar á ferð og mun lögregla ræða við þá. Lögreglumenn við eftirlit á hálendinu ræddu við öikumenn 8 hóp- bifreiða og 190 annarra bifreiða til að kanna með ástand þeirra og réttindi. 2 öikumenn sem höfð voru afskipti af í Veidivötnum reyndust hafa neytt áfengis fyrir akstur bifreiða sinna en voru undir kærnumörkum. Þeir voru sendir á fæti til áfangastaða sinna.

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Kæru Sunnlendingar
Verðum á Selfossi í Grænumörk 5.
Föstudaginn 28. ágúst.

Verið velkomin

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu



Ellisif Katrín Björnsdóttir
lögg. heyrnafræðingur
veitir faglega ráðgjöf

ReSound

rediscover hearing

Heyrn, Hlíðasmára 19, Kópavogur, heyrn@heyrn.is

Tímamantanir - 534 9600

Nánari upplýsingar
www.heyrn.is



Leikskólalóðin við Kerhólsskóla orðin glæsileg

Undanfarnar vikur hafa staðið yfir framkvæmdir á leikskólalóðinni við Kerhólsskóla. Heilmikið hefur breyst á svæðinu, hlutir hafa verið mál- aðir, settur upp nýr kastali og

skóla. Heilmikið hefur breyst á svæðinu, hlutir hafa verið mál- aðir, settur upp nýr kastali og

tartan undirlag lagt sem veitir fallvörn eins og sést á meðfylgandi myndum. Myndir: MHH.

Þrjú fallegir garðar í Ölfusi verðlaunaðir



Umhverfisnefnd Ölfus hefur valið þrjú garða í Ölfusi og fengu þeir viðurkenningu fyrir fallegan og snyrtilegan garð árið 2020. Garðarnir eru Eyjakraun 11, Lyngberg 3 og Hlíðutún Árbæjahverfi í Ölfusi.

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 30., 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar eftirfarandi skipulagsmál.

Jórvík 1

Gerð er tillaga að nýju deilskipulagi í landi Jórvík 1. Um er að ræða svæði sem markast af Suðurhólum til norðurs, jörðinni Fossmúla til austurs, og landi Björkur til vesturs. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð. Fyrirhugað er að íbúðarbyggðin verði með blönduðum húsagerðum, með um 290 íbúðum á 63 lóðum. Markmið skipulagsins er að mæta fjölgun íbúa í sveitarfélaginu, skapa samfellt byggðamynstur og tryggja góðar samgöngur fyrir alla hópa samfélagsins.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skilmálum vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með miðvikudeginum 19. ágúst 2020 til miðvikudagsins 30. september 2020. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Hreinsistöð við Geitanes

Lögð er fram til kynningar skipulags- og matslýsing á hreinsistöð fyrir fráveitu við Geitanes á Selfossi. Um er að ræða svæði við bakka Ölfusár, norðan við flugvöllinn á Selfossi. Markmið skipulagsins er að koma á hreinsun skólps frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða.

Skipulags- og matslýsingin mun liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með miðvikudeginum 19. ágúst 2020 til miðvikudagsins 30. september 2020. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Árbakki

Gerð er tillaga að aðal- og deiliskipulagsbreytingu í Árbakka. Um er að ræða svæði sem afmarkast af Ölfusá í vestri, Laugardælum í austri, lóðunum Austurvegi 65 og 67 í suðri, og fyrirhugaðri legu Þjóðvegur 1 í norðri. Aðalskipulagsbreytingin felur í sér fyrirætlanir um að breyta atvinnusvæði í íbúðarsvæði, og að færa lóð fyrir leikskóla inn í mitt íbúðarsvæði. Deiliskipulagsbreytingin felst í breytingu á gildandi deiliskipulagi og stækkun deiliskipulagsmarka með það í huga að fjölga íbúðum.

Uppdrættir ásamt greinargerð og skilmálum vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með miðvikudeginum 19. ágúst 2020 til miðvikudagsins 30. september 2020. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila athugasemdum rennur út miðvikudaginn 30. ágúst 2020 og skal þeim skilað skriflega til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða á netfangið skipulag@arborg.is.

Á sama tíma eru lýsingar, uppdættir, greinargerðir og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is>.

Virðingarfyllt,
Sigurður Andrés Þorvarðarson,
skipulagsfulltrúi.

Nemendum í vinnuskóla Grímsnes- og Grafningshrepps þökkkuð vel unnin störf

Í sumar var starfræktur vinnuskóli í Grímsnes- og Grafningshreppi frá 8. júní til og með 31. júlí. Um 10 ungmenni mættu í vinnuna alla virka daga og voru þau á aldrinum 13 - 16 ára. Verkefni hafa verið fjölbreytt, m.a. stór þökulögn á tjaldsvæðinu á Borg, ruslatínsla víða um sveitarfélagið, sláttur, grísjun trjáa, illgresis hreinsun og málað svo eitthvað sé nefnt. Ungmennin fengu einnig fræðslu, sundferðir og skemmtiferð. Þann 18. júní var haldið örnámskeið í skyndihjálp, 26. júní var vinnuskólinn í Bláskógabyggð heimsóttur, 2. júlí var haldið námskeið í fjármálalæsi og 13. júlí var námskeið á vegum Jafningafræðslu Suðurlands. Þann 17. júlí var síð-

an farin skemmtiferð sem ungmennin skipulögðu sjálf en farid var m.a. í Adrenalíngarðinn, Trampólíngarðinn og út að borða í Kringlunni. Umsjónarmaður vinnuskólans í sumar var Magnús Hlynur Hreiðarsson, en hann tók meðfylgjandi mynd sem sýnir ungmennin við þökulagningu. Magnúsi til aðstoðar í sumar var svo Samúel Guðmundsson. „Nú

þegar vinnuskólanum er lokið vil ég nota tækifærið og þakka öllum þessum frábæru ungmennum, umsjónarmanni og aðstoðarmanni fyrir þeirra vinnu og gott samstarf í sumar. Þau stóðu sig öll mjög vel og geta verið stolt af þeirra vinnuframlagi í sumar,“ segir Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri.



Ungabörn og munnhirða

Sverrir Örn Hlöðversson, tannlæknir

Ólíkt fullorðinstönum eiga flestar barnatennur takmarkaðan líftíma fyrir höndum. Fyrstu barnatennur falla yfirleitt um 5-6 ára aldur (+/-) en þær síðustu oftast um 10-12 ára (+/-). Nokkrir þurfa að treysta á einhverjar barnatennur mun lengur v.þ.a. þá hreinlega vantar fullorðinstönn. Það er mikilvægt að hlúa vel að barnatönnunum frá upphafi svo þær endist allan tímann sem þeim er ætlaður.

Tannburstun

Bursta skal með flúortannkremi frá fyrstu tönn. Hún kemur oftast á 5-11 mánuði (+/-). Notist við smágerða, mjúka bursta og reynið að bursta með hringlaga/sporöskjulaga hreyfingu. Fyrst um sinn þarf einungis örlítið tannkremsmagn: Misgóð viðmið eru t.d. nögl á litla fingri barnsins, fjórðungur af fremsta hluta litla fingurs barnsins, hrísgrjón eða lítill baun. Bursta skal tvisvar á dag, kvölds og morgna og EKKI skola munninn á eftir.

Flúortannkrem

Flúor er eina „vopnið“ okkar sem styrkir tennur. Flúorstyrkurinn skiptir mestu máli, ekki magnið af tannkremi. Hámarksstyrkur flúors í almennu tannkremi er 1400-1500ppm. Til eru barnatannkrem sem nota minni styrk (1000ppm), jafnvel enn minni styrk (≤600ppm, sem er gagns-

laust). Það eru til barnatannkrem með 1450ppm styrk, þ.e. hámarksstyrk líkt og fullorðinstannkrem. Ekki kemur öllum tannlæknum saman um hverju skal mæla með í þessum efnum, þ.e. 1000ppm eða hámarksstyrk:

* Rökin fyrir minni styrkleika eru f.o.f. að börn fram að 5-6 ára geta ekki haldið tannkreminu í munninum og kyngja því einhverju. Þó flúorinn sé frábær fyrir yfirborð tanna er ekki æskilegt að innbyrða hann í miklu magni.

* Rökin fyrir hámarks

styrkleika eru helst að það sem barnið kyngir er í snefilmagni og ekki talið hafa áhrif. Tannkrem á heldur ekki að vera það gott á bragðið (líkt og mörg barnatannkrem) að barnið sæki í það. Í sumum löndum í kringum okkur er flúor íbættur í neysluvörur, t.d. mjólk eða vatn. Á Íslandi höfum við ekkert slíkt. * Sjálfur ráðlegg ég að nota frá upphafi tannkrem með hámarks flúorstyrk. Fullorðinstannkrem eða barnatannkrem með hámarksstyrk ef bragðið af hinu er of sterkt. Endilega ráðfærðu þig við þinn tannlækni. * Eitt er á hreinu: Flúorlaust tannkrem er gagnslaust!

Tannþráður

Það er skynsamlegt að venja 2-3 ára börn á daglega tannþráðanotkun. Bæði til þess að minnka líkur á millitannskemmdum og til að koma barninu strax upp á lagið með tannþráðanotkun.

Fyrir börn mæli ég með tannþráðahöldurum. Gleymum ekki að við erum fyrirmyndirnar, ef vantar upp á tannþráðanotkun hjá foreldrunum er upplagt að nota tækifærið núna til að bæta úr því.

Brjóstgjöf, pelar og næring

Næring eftir burstun eykur líkur á tannskemmdum. Kornabörn þurfa þó næringuna sína á einu eða öðru formi til að dafna. Þegar fram í sækir minnkar vægi næturgjafanna. Að viðhalda næturgjöfum til langs tíma og að nota brjóstgjöf eða pela (mjólk/djús) til svæfinga/huggunar getur stóraukið tannskemmdahættuna. Vatn í pelann er í lagi. Athugið þó að séraðstæður geta krafist annars.

Snuð

Snuð geta verið himnasending fyrir órólegt barn. Mikil snuðnotkun hefur hins vegar áhrif á þróun og þroska tanna og gómhvelfingar. Almennt má segja að því fyrir sem snuðnotkun er hætt því betra. Ef venja á barn af snuði þarf samt að gæta þess að barnið fari ekki að sjúga þumalputtann í staðinn til huggunar.

Fyrsta tannlæknaheimsóknin

Ráðlegt er að barn komi fyrst til tannlæknis um 2-3 ára, sérstaklega ef þetta er fyrsta barn foreldranna. Það er ekki bara mikilvægt að barnið læri að koma til tannlæknis og byggja upp traust, foreldrarnir þurfa líka að læra að koma með barnið og fá mikilvæga, einstaklingsbundna fræðslu.

Sverrir Örn Hlöðversson
tannlæknir

Hólabúðin – í fögrum dal



Í fögrum dal hjá fjalla bláum straumi, þannig hefst afar fallett kvæði sem reyndar ber einnig þetta heiti og sungið er meðal annars af Karlaakórnum Heimi í Skagafirði. Víst má þykja að velflestir sveitamenn og raunar allir þeir sem á annan að borð unna íslensku náttúru ljúki augum og hlusti, sjái fyrir sér sinn uppáhaldsdal og alla þá fegurð og hlýju sem sá dalur hefur upp á að bjóða. Fyrir mér undirrituðum er það Laugardalurinn í uppsveitum Árnassýslu enda æskuslóðirnar bæði í byggð og óbyggð og mörg sporin komin um svæðið. Eitt af því sem einkennir dalinn er fjölbreytileikinn og er þá ekki aðeins átt við náttúruna heldur einnig í mannlífinu og atvinnulífinu, bæði á Laugarvatni sem og á bæjunum í kring, þar sem rekin eru myndarþú með kúm, kindum, hrossum og rekin ferðarþjónusta að auki.

ið fjárbú. Þau taka þar við búi af Friðgeiri Stefánssyni, föður Jóhanns, en hann hætti fyrir



nokkrum árum mjólkurframleiðslu og færði þungann meira yfir í nautaeldi og fjárbúskap. Það tókst vel hjá þeim og í framhaldinu var farið í að breyta bílskúrnum á bænum í litla verslun. Þar eru nú til sölu nauta-

steikur af öllum gerðum, hakk og hamborgarar, lambalæri og hvað sem fólki langar í annað af lambinu. Allt úr þeirra framleiðslu og ræktun sem þau fylgja eftir alla leið til neytenda sem koma til þeirra og versla. Afar vel hefur verið tekið í þessa nýjung í sveitinni og má segja að það sem auglýsi þau best sé að þau eru farin að hafa fasta kúnna bæði úr röðum heimamanna sem og sumarbústaðafólks. Þá hefur verið aukið við vöruúrvalið en nú er hægt að fá hjá þeim grænmeti frá Böðmóðsstöðum, grísakjöt frá Korngrís, silung frá Útey ofl. mætti telja, svo það er af nógu að taka hjá þeim. Nú svo má ekki gleyma handverkinu frá húsfreyjunni en á veggjum hanga húfur, vettlingar, peysur og treflar sem hún hefur að gömlum og góðum sið þrjónað sjálf enda falla þessu fólki aldrei verk úr hendi. Það er áræðni og hjartástand sem þarf í ríkum mæli til að fara út í verslun af þessu tagi heima á sveitabæ. En ekki síður vissu um að sú vara sem boðin er sé í hæsta gæðaflokki og það er ekki annað að sjá en viðskiptavinir séu á sama máli. Vonandi mun þessi nýjasta rós okkar hér í Bláskógabyggð ná að blómstra um ókomin ár en til þess þarf að vökva hana og því eru allir hvattir til að koma við og renna heim að Hólum um leið og kíkt er Gullna hringinn.

*Pálmi Hilmarsson
Laugarvatni.*



Hólabúðin – ný rós í barm dalbúa

Nú hefur enn bæst við flórana í dalnum en á bænum Laugardalshólum, skammt fyrir innan Laugarvatn er fyrir nokkru búið að opna verslun þar sem seldar eru vörur sem að mestu koma úr framleiðslu beint frá bænum. Þau hjón, Jóhann Gunnar Friðgeirsson og Heiða Björg Hreinsdóttir ákváðu árið 2016 að ráðast í miklar endurbætur á húsakosti bæjarins, bæta síðan við nautakjötsframleiðsluna á bænum auk þess að vera með hefðbund-

10. bekkur Hvolsskóla gaf ferðasjóðinn

Það er venja í Hvolsskóla að 10. bekkur fer í ferð til Danmerkur áður en þau útskrifast. Nemendurnir safna fyrir ferðinni allt skólaárið og eiga því góðan sjóð þegar haldið er utan. Í ár hafði Covid-19 það í för með sér að 10. bekkur komst ekki í ferðina sína en fór í staðin í ferð innanlands og skemmti sér stórvel. Í ferðasjóðnum var mikill afgangur og tóku nemendurnir þá ákvörðun að gefa Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna peningana. SKB þakkaði að vonum vel fyrir sig og það má sannarlega hrósa nemendunum fyrir góða ákvörðun.

Á meðfylgjandi mynd má sjá nemendur í 10. bekk á útskriftardaginn.



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!

†

Innilegar þakkir til þeirra er sendu kveðjur og heiðruðu minningu

Ragnheiðar Haraldsdóttur, Stóru-Mástungu

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Grundar fyrir afar góða umönnun.

Vaka Haraldsdóttir Ágúst Guðmundsson
Margrét Steinhórsdóttir Haukur Haraldsson
Anna Kr. Ásmundsdóttir Bjarni Haraldsson
Kolbrún Haraldsdóttir Helgi Már Gunnarsson
Ragnar Haraldsson Kristín Ásta Jónsdóttir
Örn Haraldsson Sigrún Sigurjónsdóttir og fjölskyldur

HJALPARSVEIT SKATA
HVERAGERÐI

Nýliðakynning

Kynning á hinu fjölbreytta starfi sveitarinnar og þeirri þjálfun sem nýliðar fá.

Allir velkomnir.

20. ágúst kl 19:30
Austurmörk 9, Hveragerði

Við leitum að öflugum starfsmanni á nýtt verkstæði okkar á Selfossi. Starfið felst í viðgerðum, viðhaldi á ýmsum búnaði, vélum, tækjum og ökutækjum. Einnig nýsmíði á vörubíla fyrir snjóruðningsbúnað o.fl. Starfið er fjölbreytt og boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma. Hæfniskröfur eru reynsla af viðgerðum, viðhaldi og nýsmíði. **Kostur er nám sem nýttist í starfi.**

Upplýsingar ekki gefnar í síma eða á staðnum. **Sendið fyrirspurnir einungis á starf@aflvelar.is**

AFLVÉLAR

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

AI-Anon Selfossi
AI-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

AI-Anon
AI-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

TIL LEIGU

Til leigu studioíbúð/herbergi
Til leigu studioíbúð og 2-4
manna herbergi. Arthostel ehf.
Stokkseyri Uppl. 894 2910.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Fermingarmessa sunnudag kl.
14. Tvö börn fermd. Prestur sr.
Egill Hallgrímsson. Organisti
Ester Ólafsdóttir.

Hveragerðiskirkja
Fermingarmessa kl.11. Kór kirkj-
unnar syngur, organisti Miklós
Dalmay, prestur sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir.

Hraungerðiskirkja
Fermingarmessa laugardaginn
22. ágúst kl. 13:30. Af sótt-
varnarástæðum er atöfnin
einungis opin nánustu aðstand-
endum fermingarbarnanna.

Selfoskirkja
Fermingarmessa sunnudaginn
23. ágúst kl. 11. Af sóttvarna-
rástæðum er atöfnin einungis opin
nánustu aðstandendum ferm-
ingarbarnanna.

Villingaholtskirkja
Fermingarmessa sunnudaginn
22. ágúst kl. 13:30. Af sótt-
varnarástæðum er atöfnin
einungis opin nánustu aðstand-
endum fermingarbarnanna.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsalur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf
skattskil
Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

HEILSA

**Nudd -
Svæðanudd**
Dáleiðsla

**Augnlestur og
heilsuráðgjöf**

**Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum**

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

NLP Meðferðardáleiðsla og tilfinningavinna

Tryggðu þér einkatíma
í handleiðslu.

**Er á Selfossi og
Laugarvatni.**

Sími 862 4809
Vertu velkomin/n



Katrín Erla Kjartansdóttir

MP NLP Ráðgjafi/Coach
Facebook; NLP Meðferðardáleiðsla

ATVINNA

-Morgunblaðið-

Laus hverfi í útburð
U259 Birkivellir
U260 Vallholt
U263 Réttarholt
U265 Háengi
U266 Miðengi
U251 Smáratún

Frekari upplýsingar um
hverfin og launagreiðslur
inná keyrsla.is.

Tómas - Sími 820 3283

TAPAD/FUNDIÐ



Slaufa týnd

Kötturinn okkar, 2ja ára læða, er
horfin. Hún er grá, með hvítan
blett framan á hálsinum, með
svarta ól og örmerkt. Ef einhver
hefur orðið var við hana, þætti
okkur vænt um að fá skilaboð.
S. 693 7682, Guðlaugur.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

S. 482 1944
dfs@dfs.is

Eldri borgarar vilja
dvalarheimili á Laugarvatn

Á aðalfundi 60plús Laugardal
sem haldinn var 29. júní
2020, var skorað á sveitastjórn-
ir, ráðherra og alþingismenn
Suðurlands að vinna að
því að húsnaði Háskólans á
Laugarvatni, Rannsóknarsetur
Háskóla Íslands, Laugarvatni,

Lindarbraut, verði gert að
dvalarheimili fyrir aldraða.

Undir tilkynningunna rita:
Elín Bachmann Haraldsdóttir,
formaður. Halldóra Guð-
mundsdóttir, ritari. Theodór Vil-
mundarson, gjaldkeri.

Samdráttur í ferða-
þjónustunni umtalsverður

Brottfarir erlendra farþega frá
landinu um Keflavíkurlug-
völl voru 45.600 í nýliðnum júlí
samkvæmt talningu Ferðamála-
stofu og Isavia, eða 80,3% færri
en í júlí í fyrra, þegar þær voru
um 231 þúsund talsins. Danir
voru fjömmennastir í júlí eða rífl-
lega fimmtungur brottfara og
fjölgaði þeim um þriðjung frá
júlí í fyrra. Næstfjölmennastir
voru Þjóðverjar (20,2%) en þeir
voru ríflega helmingi færri en
í fyrra. Frá áramótum hafa um
387 þúsund erlendir farþegar

farið frá Íslandi um Keflavíkurlug-
flugvöll sem er 65,8% fækkun
miðað við sama tímabil í fyrra
en þá voru brottfarir erlendra
farþega um 1,1 milljón talsins.

Ferðir Íslendinga utan

Um 13.300 Íslendingar fóru
utan í júlí í ár eða 77,9% færri en
í júlí 2019. Frá áramótum (janú-
ar-júlí) hafa um 108 þúsund Ís-
lendingar farið utan en um er að
ræða 259 þúsund færri brottfarir
en á sama tímabili í fyrra.

Hrönn ráðin í starf fulltrúa í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Hrönn Jónsdóttir, í Háholti,
hefur verið ráðin í starf
fulltrúa á skrifstofu Skeiða- og
Gnúpverjahrepps. Hrönn er
með BSc próf í ferðamálafræði
frá Háskóla Íslands og hefur
stundað nám í búvísindum við

Landbúnaðarháskólann. Hún
er fagmenntaður leiðsögu-
maður. Hrönn hefur fjölbreytta
reynslu af skrifstofustörfum,
leiðbeinastörfum og ýms-
um félagsstörfum.



Banaslys í Örafum

Karlmaður á fimmtugsaldri
lést í umferðarslysi á þjóð-
vegi 1, skammt vestan Stígár í
Örafum. Tildrög slyssins eru
til rannsóknar. Samkvæmt upp-
lýsingum virðist maðurinn hafa
fallið af mótorhjól sínu og
runnið eftir götunni í veg fyrir
bifreið sem kom úr gagnstæðri
átt. Viðbragðsaðilar reyndu

endurlífsgun á vettvangi sem bar
ekki árangur. Stígá er skammt
austan við Hnappavelli, miðja
vegu milli Kirkjubæjarklaust-
urs og Hornafjarðar. Tæknideild
lögreglunnar á höfuðborgar-
svæðinu kom á vettvang ásamt
fulltrúa Rannsóknarnefndar um-
ferðarslysa.

-gpp

Tíðarfarar í júlí 2020



Júlí var fremur kaldur miðað við það sem algengast hefur verið á síðari árum. Hiti var hins vegar nærri meðallagi árunna 1961 til 1990. Að tiltölu var einna hlýjast um landið suðaustanvert, en hvað kaldast um landið norðanvert og norðaustanvert þar sem mánuðurinn var allvíða kaldari en júní. Þrátt fyrir þetta var tíð í aðalatriðum hagstæð. Vindur og úrkoma voru víðast nærri meðallagi.

Fremur kalt var á landinu í júlí miðað við það sem verið hefur á öldinni, ýmist sá næstkaldastur eða þriðjalkaldastur síðustu 20 árin. Miðað við síðustu tíu ár voru hitavik jákvæð á örfáum stöðvum á Suðausturlandi, mest +0,4 stig á Ingólfshöfða. Neikvætt hitavik miðað við síðustu tíu ár var mest á fjöllum austanlands, -2,3 stig á Vatnsskarði eystra og víðar þar um slóðir á bilinu -1,8 til -2,0 stig.

Meðalhiti mánaðarins var hæstur við Skarðsfjöruvita 12,0

stig en lægstur 3,1 stig á Gagnheiði. Á láglandi var meðalhitinn lægstur 6,9 stig á Fonti á Langanesi.

Hæsti hiti mánaðarins mældist 24,8 stig á Egilsstaðaflugvelli þ.12. Mest frost í mánuðinum mældist -2,0 stig á Grímsstöðum á Fjöllum þann 1. og í Miðfjarðarnesi þann 3. Á stöðinni á Dyngjujúkli (þar fara þó ekki fram staðlaðar mælingar) fór frostið mest -9,5 stig þann 25. Ekki hefur sést meira frost á hitamæli á landinu í júlí. Frostnætur urðu alls 13 í mánuðinum. Er það óvenjulegt í júlí, en hins vegar var það aðeins á fáum stöðvum í senn, í ýmsum landshlutum. Júlíflágmarshitamet voru sett á allmörgum stöðvum.

Úrkoma í Reykjavík mældist 44,7 mm, 14 prósent undir meðallagi árunna 1961 til 1990. Á Akureyri mældist úrkoman 35,3 mm og er það rétt ofan meðallags árunna 1961 til 1990. Í Stykkishólmi mældist úrkoman 27,7 mm.

Dagar þegar úrkoma mældist 1,0 mm eða meira í Reykjavík voru 7, 3 færri en í meðalári. Á Akureyri mældist úrkoman 1,0 mm eða meiri 6 daga, einum færri en í meðalári. Mikil úrkoma féll um norðvestan- og norðanvert landið í hvasvöðri um miðjan mánuð og munu sólarringsúrkomumet hafa fallið á fáeinum stöðvum, en uppgjöri er ekki lokið. Vart varð við skriðföll og ár urðu vatnsmiklar.

Vindhraði á landsvísu var nærri meðallagi. Norðlægar áttir voru algengari en suðlægar, en vestlægar og austlægar skiptust á. Nokkuð hvasst varð þann 17. og 18. og féllu þá júlívindhraðamet á fáeinum stöðvum.

Meðalloftþrýstingur í Reykjavík mældist 1008,9 hPa og er það -1,2 hPa neðan meðallags árunna 1961 til 1990. Hæsti loftþrýstingur mánaðarins mældist 1019,3 hPa á Teigarhorni þ. 21. Lægstur mældist loftþrýstingurinn 979,8 hPa á Skjaldþingsstöðum þann 16.

Meðalhiti í Reykjavík fyrstu sjö mánuði ársins var 4,7 stig sem er 0,6 stigum ofan meðallags árunna 1961 til 1990 en -0,6 stigum undir meðallagi síðustu tíu ára. Meðalhitinn raðast í 41. sæti á lista 150 ára. Á Akureyri var meðalhiti mánaðanna sjö 4,1 stig. Það er 1,0 stigi ofan meðallags árunna 1961 til 1990 en -0,4 stigum undir meðallagi síðustu tíu ára. Meðalhitinn þar raðast í 35. sæti á lista 140 ára. Úrkoman hefur verið 13% umfram meðallag í Reykjavík, en 30% umfram meðallag á Akureyri.

Nýjar lóðir til úthlutunar í Bláskógabyggð

Bláskógabyggð hefur auglýst lóðir í nýrri götu í Reykholti lausar til úthlutunar. Gatan heitir Brekkuholt, og er rétt fyrir ofan við Aratungu. Stutt er í alla þjónustu ss. skóla og íþróttamiðstöð. Skortur hefur verið á góðum lóðum í Reykholti en með tilkomu nýs deiliskipulags hafa ný svæði verið skipulögð fyrir íbúabyggð og er þetta fyrsta gat-

an þar sem lóðum verður úthlutað eftir að skipulagið tók gildi. Lóðirnar eru á mjög hagstæðum kjörum og má sem dæmi nefna að par- og raðhúsaloð kostar rétt undir 3,5 milljón króna. Mikil og fallett útsýni er frá götunni yfir Tungurnar og nærliggjandi sveitir eins og sjá má á myndinni.



Aukin þjónusta á Suðurlandi

Krabbameinsfélagið í samstarfi við HSU býður upp á ráðgjöf og stuðning fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Þjónustan var sett á laggirnir til þess að aðstoða fólk með sálræna líðan, félagsleg réttindi eða líkamleg einkenni og fleira. Þjónustan stendur einnig þeim til boða sem misst

hafa ástvin úr krabbameini. Það er starfsmaður frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins sem býður upp á viðtöl og einstaklingstíma í djúpslökun á HSU. Viðtölin eru fólki að kostnaðarlausu en panta má tíma með því að senda póst á radgjof@krabb.is eða hringja í síma 800 4040.



Að lifa með veirunni

-Vágesturinn mögulega kominn til að vera um sinn


Ljóst er að íslenskt samfélag ver nú að hefja annan kafla í glímunni við Covid-19 þar sem vera kann að beita þurfi aðgerðum bæði innan lands og á landamærum um langt skeið til að hefta útbreiðslu veirunnar. Veiran er enn í vexti víða um lönd og sums staðar verið að herða reglur aftur.

Sóttvarnalæknir hefur lagt áherslu á að halda beri áfram skimunum á landamærum auk þess sem nú eru í gildi umtalsverðar takmarkanir á samkomuhaldi í samfélaginu. Verið er að beita skimunum, sýnatökum, smitrakningu, einangrun og sóttkví líkt og gert hefur verið allt frá upphafi faraldursins og mun það verða gert áfram. Vera kann að slakað verði á takmörkunum eða þær hertar allt eftir því hver þróunin verður.

Margháttað samráð hefur verið viðhaft allt frá því að veiran skaut fyrst upp kollinum hér á landi. Stýrihópar hafa verið

starfandi, annars vegar um innanlandsvarnir og hins vegar um skimanir á landamærum þar sem ýmsir aðilar hafa verið kallaðir til.

Með vísan til þess hversu stórt samfélagsverkefni er um að ræða liggur fyrir að við þessi kaflaskil þarf að efna til samráðs helstu lykiláðila um áframhaldandi aðgerðir gegn Covid-19. Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að boða til samráðsvettvangs í formi vinnustofu þann 20. ágúst nk. Þar verður rætt hvernig móta megi aðgerðir og stefnu til lengri tíma lítið. Vegna takmarkana á samkomum fer hluti af vinnustofunni fram



með fjarfundabúnaði í fleiri hópum til þess að sem flest sjónarmið komist að.

Heilbrigðisráðuneytið vinnur nú að undirbúningi vinnustofunnar og mun bjóða til þessa vettvangs innan skamms í samstafi við önnur ráðuneyti og stjórnvöld. Nánar verður greint frá fyrirkomulagi og verklagi snemma í næstu viku.

Í framhaldi af vinnustofunni verður komið á fót fimm manna verkefnateymi til að annast framkvæmd aðgerða vegna Covid-19. Teymið mun starfa undir stjórn sóttvarnalæknis út árið 2021.

Aldrei nema kona

-eftir Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttur

Aldrei nema kona er heimildar skáldsaga sem fylgir þremur ættliðum kvenna í Skagafirði á átjándu og níjtjándu öld. Þetta eru fátækar konur og lífsbaráttan er hörð en með þrautseigju og ædruleysi tekst þeim að komast af þrátt fyrir hart árferði og hardneskjulegt samfélag.

Höfundurinn Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir var kennari í nær 40 ár. Í þessari sögu rekur hún æviferil langmæðgna sinna í Skagafirði og byggir þar á heimildum úr kirkjubókum, manntölum, æviskrám, dómabókum og ýmsum heimildum öðrum. Sögutíminn spannar meira en hundrað ár, frá miðri átjándu öld fram yfir miðja hina níjtjándu.

Öll nöfn, tímasetningar og meginviðburðir eru sannleikanum samkvæmir og í sögunni er dregin upp mynd

af lífsbaráttu þessara kvenna, fordómum samfélagsins, áföllum og gleðistundum.





Berjasprettan góð þetta árið

Það er fleira en gullregnið sem nýtur góðs af góðu árferði, en útlit er fyrir að berjasprettan verði með allra besta móti þetta árið. Það hafa borist af því fregnir að víða sé krökkt af krækiberjum, bláberjum og aðalbláberjum. Þá má ekki gleyma lystisemd náttúrunnar; villtu jarðarberjunum sem stundum leynist hér og hvar. Hvað sem því líður þá eru rifsberjarunnarnir og sólberjarunnarnir margir farnir að sligast undan ljúffengum berjunum sem bíða þess eins að verða tínd og nýtt til matar. Hér eru rifsíð ögn farið að roðna og senn styttist í uppskeru. -gpp

Skemmtilegt skólabílskaffihús í Vík



Myndirnar tók Kolbrún Hjörleifsdóttir.

Það er ekki slegið af í Vík þó á móti blási í ferðapjónustunni. Þangað er kominn gulur strætisvagn eða skólabíll sem á ættir sínar að rekja vestur um haf til Ameríku. Í vagninum er að sögn notalegt kaffihús sem enginn verður svikinn af að prófa. Það er Holly Keyser sem hefur yfirumsjón með kaffibaunum, uppáhellingunni og skólabragnum um borð í þessum glæsilega vagni. Gestum er boðið til sætis með gott útsýni út um stórar rúður skólabílsins. Fyrir innan mallar svo kamínan og heldur hita á gestum ásamt heitu kaffinu, teinu og kruðeríinu sem á boðstólum er. -gpp



GRAFÍSK HÖNNUN
MÖRKUN FYRIRTÆKJA
HEIMASÍÐUGERÐ
OG FLEIRA!

KOMMA STRIK

vefur kommastrik.is
hringja 897-9686

Stálsmíði

- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeysrsluvarnir
- Sérsmíði

Andraco ehf
Lynghæð, Urriðafossvogi, 803 Selfossi.
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN

FAGVERK EIGNAUMSJÓN

TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

**Bilaspautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti**

Bilverk BA
- þar sem fagmenntunin vinnur
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

25 ára

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HP

**HREINGERNINGA-
Þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Frelst um allt Suðurland

**Tæknipjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símerki o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfr F. Sigurðsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

BRAGA AF
VINATTU!

**Fæst hjá
BYKO Selfossi**

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Smurpönnusta
Betri vörur - betra verð

Fullkominn í ferðalagjöð

FRÖSKUR
ITAFISKUR

Eyrafiskur frá Stokkseyri

Jiibbií
Siggafærðir

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is